

FORTYSIX
GOLF

NÖRDAGOLF · NOTENDALEIÐBEININGAR

Allt um FortySix Golf

Innskráning, skráning hringja með GPS, Hvernig gekk? og Laga holu, úrið, Kúlan, Vellirnir, æfingar og tenging við Garmin og TrackMan, skref fyrir skref.

46golf.com · © 2026 Haukur Hilmarsson

Útgáfa 2.0 · október 2026 · prófunarútgáfa

Efnisyfirlit

1 Velkomin(n) **2**
Hvað gerir vefurinn? · Einfalt golf og nördagolf · Nýtt í útgáfu 2.0

2 Fyrstu skrefin **4**
Innskráning · Demó og umsókn · Lykilorð · Kylfurnar · Stillingar · Heimaskjár

3 Að rata um vefinn **6**
Valmyndin í tölvu og síma · Einfalt golf

4 Golfið mitt (Yfirlit) **8**
Staðan · Skorkortið · Þrjú ráð

5 Skrá hring með GPS **10**
Uppsetning · Á holunni · Púttin · Valmyndin · Að vista

6 Hvernig gekk? og Laga holu **15**
Holu fyrir holu · Færa, eyða og skipta um kylfu

7 Úrið (í prófun) **17**
Hvaða úr · Tengja úrið · Á vellinum

8 Vellirnir **18**
Völlur og teigar · Hola fyrir holu · Nýr völlur

9 Kúlan, kylfusveinninn þinn **20**
Ábending · Áhersla · Leiðsögn · Fræðsla · Tímabil

10 Spara högg **24**
Hvar sparast höggin · Forgjöfin eftir 20 hringi

11 Kylfurnar og Pokinn **25**
Kylfurnar mínar · Pokinn minn

12 Æfingar og Hermir **27**
Skrá æfingu · GPS-æfingar · Æfingarnar · Hermir

13 Gögnin: Garmin og TrackMan **30**
Viðbótin · Hvað kemur inn? · Kortlagning valla

14 Stillingar **34**

15 Ábendingar **36**

16 Persónuvernd og gögnin þín **37**

17 Algengar spurningar **38**

18 Orðalisti **40**

1 Velkomin(n)

FortySix Golf hjálpar þér að lækka forgjöfina með því að skoða þín eigin gögn: hringi, högg, kylfur og æfingar. Vefurinn breytir þessu í skýr ráð um hvað borgar sig mest að æfa.

Hvað gerir vefurinn?

Skráir hringinn á vellinum
Síminn mælir hvert högg með GPS, sýnir fjarlægð á flötina og brautarmynd, og Kúlan stingur upp á kylfu.

Finnur hvar höggin tapast
Teighögg, brautarhögg, stutta spilið eða pútt. Vefurinn reiknar hvar flest högg sparast og raðar ráðunum eftir því.

Safnar gögnunum saman
Hringir sem þú skráir í 46golf, hringir úr Garmin-úri og TrackMan-lotur úr hermi lenda á einum stað.

Heldur utan um æfingarnar
Skráðu pútt-, chip- og GPS-æfingar í símanum og fylgstu með framförum og markmiðum mánaðarins.

Kúla, 46-boltinn, er kylfusveinn FortySix Golf. Hún hjálpar þér að velja kylfu, leik og leið, les úr því sem Hermirinn segir, og þegar hún sér að kennari getur hjálpað þér meira vísar hún þér á PGA-kennara.

Einfalt golf og nördagolf NÝTT

Vefurinn hefur tvö útlit með sömu gögnunum:

Einfalt golf
Ljóst útlit, stórir hnappar og ráð á mannamáli. Þú velur kylfurnar, mætir á völlinn og færð leiðbeiningar. Hentar flestum, og sérstaklega byrjendum. Það hefur sínar eigin stuttu leiðbeiningar á síðunni Leiðbeiningar.

Nördagolf
Dökkt útlit og allar tölurnar: lengd og dreifing hverrar kylfu, hvar höggin tapast, Garmin, TrackMan og Hermir. **Þessar leiðbeiningar fjalla um nördagolfið.**

Þú skiptir á milli með hakinu **Einfalt golf** efst í Stillingum (kafli 14). Ekkert glatast þegar skipt er.

Prófunarútgáfa

Vefurinn er í lokaðri prófun. Eitthvað getur bilað eða breyst á milli daga, og það er einmitt það sem við viljum heyra af. Notaðu hnappinn Ábending (kafli 15) til að segja frá villum og hugmyndum.

Allt sem birtist byggir á þínum gögnum
Ráðin eru reiknuð úr þínum eigin hringjum og æfingum. Ef gögn vantar stendur það á síðunni („gögn vantar“) í stað þess að giskað sé. Því fleiri hringir sem koma inn, því betri verða ráðin.

Nýtt í útgáfu 2.0

- **Skrá hring með GPS:** fjarlægðir að flöt, brautarmynd, kylfutillaga Kúlunnar og lengd hvers höggs. Sími í hendi eða í festingu á kerru (kafli 5).
- **Púttin á flötinni:** merktu holuna og hvar hvert pútt byrjaði, eða skráðu bara fjöldann (kafli 5).
- **Hvernig gekk?** Hringurinn holu fyrir holu með höggunum á brautarmyndinni, og **Laga holu** til að færa, eyða eða skipta um kylfu eftir á (kafli 6).
- **Einfalt golf:** nýtt, einfalt útlit fyrir þá sem vilja bara spila (kafli 1 og 3).
- **Pokinn minn:** þú skráir kylfurnar sjálf(ur) í 46golf. Garmin My Bag er valkvætt (kafli 11).
- **GPS-æfingar:** lengdaræfing og nákvæmnisæfing í símanum (kafli 12).
- **Ábendingar um að taka upp** í punktakeppni (kaflar 5 og 14).
- **Prófaðu lítið notaðar kylfur:** Kúlan laumar þeim inn þegar óhætt er (kafli 5).
- **Spara högg í Einfalt golf** (kafli 3).
- **Úrið (í prófun):** 46golf á Garmin Approach S50 og Venu Sq (kafli 7).
- Sér GPS-síðan úr útgáfu 1.1 er nú hluti af Skrá hring.

Um þessar leiðbeiningar

Flestar myndirnar eru teknar úr demóinu, þar sem tilbúinn kylfingur er notaður, og myndirnar úr Skrá hring eru af sýnivellinum 46 Golf Course. Tölurnar á myndunum eru því ekki þínar. Heiti hnappa á vefnum eru sýnd svona: **Skrá inn**.


2 Fyrstu skrefin

Svona kemstu inn, setur þér eigið lykilorð og gerir vefinn klárann fyrir fyrsta hringinn.

Innskráning

1. Opnaðu **46golf.com** í vafranum, í tölvu eða síma.
2. Sláðu inn netfangið og lykilorðið sem þú fékkst frá umsjónarmanni.
3. Smelltu á **Skrá inn**. Þá opnast síðan Golfið mitt.

Innskráningin helst inni í vafranum. Ef þú notar vefinn bæði í síma og tölvu skráir þú þig inn á báðum stöðum, og gögnin fylgja þér á milli.



Innskráningarsíðan í síma.


Demó og umsókn

Undir innskráningunni er kassinn **Langar þig að prófa?**

- **Skoða demó** opnar allan vefinn með tilbúnum kylfingi. Ekkert sem gert er í demóinu vistast. Demóið hættir þegar smellt er á **Hætta**, við innskráningu eða eftir tvo sólarhringa.
- **Sækja um að prófa** opnar stutt eyðublað. Umsjónarmaður fær umsóknina og sendir netfang og lykilorð þegar aðgangurinn er tilbúinn.

Settu þér þitt eigið lykilorð

Lykilorðið sem þú fékkst er aðeins til að komast inn í fyrsta skipti. Farðu í Stillingar → Lykilorð, sláðu inn nýtt lykilorð tvisvar (minnst 8 stafir) og smelltu á **Vista lykilorð**.



Lykilorð í Stillingum.

Skráðu kylfurnar í pokanum NÝTT

Kúlan mælir aðeins með kylfum sem þú átt. Opnaðu Pokinn minn og smelltu á **Venjulegur poki** til að byrja, eða bættu við kylfum eftir tegund. Nánar í kafla 11.

Fylltu inn Stillingar

Kúlan og vallaráðin nota upplýsingarnar í Stillingum. Fylltu að minnsta kosti inn forgjöf, hönd (rétthent(ur) eða örvhent(ur)), vallarmat (karla eða kvenna), algengustu skekkjuna og heimavöll. Smelltu svo á **Vista stillingar**. Nánar í kafla 14.

Settu vefinn á heimaskjá símans

Þá opnast vefurinn eins og app, með 46-boltann sem tákn.

Sími	Svona gerirðu
iPhone	Opnaðu 46golf.com í Safari, ýttu á Deila-táknið (ferningur með ör upp) og veldu **Bæta á heimaskjá**.
Android	Opnaðu 46golf.com í Chrome, ýttu á ⋮ efst til hægri og veldu **Bæta við heimaskjá**.


> **Leyfðu staðsetningu**
> Þegar síminn spyr hvort 46golf megi nota staðsetningu, svaraðu já. Annars mælast höggin ekki í Skrá hring.

Komdu gögnunum inn

Skráðu hringina í símanum á Skrá hring (kafli 5). Áttu líka Garmin-úr eða notarðu TrackMan? Settu upp viðbótina í tölvunni (kafli 13) og sæktu allt með einum smelli.

3 Að rata um vefinn

Valmyndin er eins á öllum síðum. Í tölvu er hún vinstra megin, í síma neðst á skjánum.



Valmyndin í tölvu.

Valmyndin í tölvu

Flokkur	Síður
Golfið mitt	Yfirlit, Skrá hring, Vellirnir, Spara högg, Kylfurnar mínar, Pokinn minn
Æfingar	Æfingarnar, Skrá æfingu, Hermir
Leiðsögn	Kúlan, Fræðsla
Þú	Stillingar, Tengja úrið, Leiðbeiningar, Um FortySix Golf
Gögn	Gögnin

Neðst í valmyndinni sérðu netfangið þitt og **Skrá út**.

Valmyndin í síma

Efst á hverri síðu er merki FortySix Golf. Smelltu á það til að fara á Golfið mitt. Neðst á skjánum eru fimm flipar: **Golfið mitt, Skrá hring, Æfingar, Kúlan** og **Meira**. Undir Meira eru allar hinar síðurnar, ábendingarhnappurinn og útskráning.



Fliparnir neðst í síma.

Í Einfalt golf

Í Einfalt golf er valmyndin styttri: **Heim, Spila, Æfa, Kúlan** og **Meira**. Undir Meira eru Spara högg, Vellirnir, Kylfurnar í pokanum, Stillingar, Tengja úrið, Leiðbeiningar og Um. Spara högg er líka annar hnappurinn á forsíðunni, því það er markmiðið með öllu saman: hve mörg högg á hring þú gætir sparað, hvar og með hvaða æfingu. Síðurnar eru ljósar með stórum hnöppum, og nördasíðurnar (Kylfurnar mínar, Hermir, Gögnin …) opnast ekki. Spara högg og Vellirnir eru til í einfaldri útgáfu. Neðst á hverri síðu er ábending um að taka hakið af Einfalt golf í Stillingum ef þú vilt sjá meira.

> **Hvað á ég að nota hvar?**
> Síminn er fyrir golfvöllinn og æfingasvæðið: Skrá hring og Skrá æfingu. Tölvan hentar best til að sækja Garmin- og TrackMan-gögn og skoða greiningarnar í rólegheitum.



Heim í Einfalt golf.

4 Golfið mitt (Yfirlit)

Upphafssíðan. Hér sérðu stöðuna, skorkort síðustu hringja og þrjú ráð fyrir næsta hring.


Staðan

Fjórir reitir efst: fjöldi hringja, meðalskor á 18 holur, forgjöfin úr Stillingum og fjöldi æfinga síðustu 30 daga.



Skorkortið

Nýjasti hringurinn birtist sjálfkrafa. Flettu til hliðar í listanum **Veldu hring** til að skoða eldri hringi. Skorkortið sýnir 9 holur í hverri röð með pari, höggum og púttum.




Skorkortið með litum og Kúlu, sem fagnar góðum árangri.

Merki	Þýðir
Gylltur hringur, tvöföld lína	Örn eða betra (2 undir pari eða betur)
Gulgrænn hringur	Fugl (1 undir pari)
Grænn hringur	Par
Blár rammi	Skolli (1 yfir pari)
Appelsínugulur ferningur	Tvöfaldur skolli
Rauður ferningur	Þrír yfir pari eða meira

Kúla fagnar hringjum með fuglum og pörum. Hjá byrjendum (forgjöf 28 eða hærri) fagnar hún líka skollum, því þá er skolli góð hola. Hringir úr golfhermi eru merktir *hermir* og teljast ekki með í forgjafargreiningunni.

Þrjú ráð fyrir næsta hring

Kúlan velur þrjú einföld ráð sem eiga að spara flest högg í næsta hring. Röðin fer eftir því hvar flest högg tapast í síðustu 10 hringjum. Við hvert ráð stendur hve mörg högg það gæti sparað.




5 Skrá hring með GPS NÝTT

Skráðu hringinn í símanum á vellinum, eitt högg í einu. Síminn mælir hvar hvert högg var slegið, sýnir fjarlægðir og brautarmynd, og vistar jafnóðum, líka þótt skjárinn læsist.

Byrjaðu hringinn

1. **Völlur.** Ef þú ert á vellinum spyr síminn „Ertu á …?“ og þú velur hann með **Já, velja hann**. Annars opnar **Veldu völl** leit í öllum völlum, með heimavöllinn og nýlega velli efst.
2. **Teigar** og, á 18 holu velli, **Fjöldi hola** og hvaða holur (allar, fyrri eða seinni níu).
3. **Leikform:** **Punktar / forgjöf** eða **Höggleikur**. Í höggleik þarf að klára hverja holu, svo Kúlan stingur ekki upp á að taka boltann upp.
4. **Hvar er síminn?** **Í hendi eða vasa**: þú skráir höggið standandi við boltann. **Í festingu á kerru**: skráð þar sem kerran stendur, nokkrum metrum frá boltanum.
5. Smelltu á **Byrja á holu 1**.

Sjálfgefið eru högg og kylfur skráð með GPS. Ef þú vilt bara skorkort smellirðu á **Skrá aðeins skor, án GPS** neðst. Ætlarðu að skrá hring frá öðrum degi? Smelltu á **Í dag** efst og veldu daginn.



Uppsetning hringsins.

Völlurinn minn er ekki á listanum
Veldu **Völlurinn minn er ekki á listanum** og skrifaðu nafnið. Þú getur spilað strax og ýtt bara á kylfuna sem þú notar. Ef þú skráir líka par og lengd hverrar holu getur Kúlan ráðlagt þér, og völlurinn fer í yfirferð hjá umsjónarmanni. Á velli án holugagna er par 4 sett á allar holur og þú leiðréttir það á hverri holu.

Á holunni



Upphaf holu. Kúlan hefur valið driver.

- **Fjarlægðir:** Fremst, Miðja flatar og Aftast, mælt frá þér með GPS.
- **Brautarmynd:** holan með teig neðst og flöt efst. Gula doppan ert þú. Á kortlögðum völlum sjást brautin, glompur, vatn og aðrar hættur.
- **Kúlan** stingur upp á kylfu út frá lengdinni sem er eftir, hvað þú slærð stöðugt og hvar hættur eru. Hún tekur mið af skekkjunni þinni úr Stillingum og segir hvert er best að miða.
- **Kylfurnar:** tillaga Kúlunnar er valin. Smelltu á aðra kylfu ef þú vilt. **Fleiri** sýnir allan pokann og **Veit ekki** ef þú manst ekki kylfuna.
- **Skrá högg · Driver** skráir höggið þar sem þú stendur. Teighögg er alltaf skráð á teignum sjálfum.
- **Prófaðu …:** stundum stingur Kúlan upp á kylfu sem þú hefur slegið færri en 8 sinnum, þegar lengdin er svipuð og engar hættur eru við lendingarstaðinn. Mest eitt slíkt högg á holu og þrjú á hring. Þannig fá lítið notaðar kylfur lengdarmælingu. Ýttu á aðra kylfu ef þú vilt það ekki.

Hvenær ýti ég á Skrá högg?

Sími í hendi: við boltann, rétt fyrir eða rétt eftir höggið. **Sími á kerru:** þegar kerran stendur hjá boltanum. Lengdirnar verða þá ögn ónákvæmari í einstöku höggi, en meðaltal kylfanna helst rétt.

Á leiðinni að boltanum sérðu **Frá síðasta höggi**, þ.e. hve langt höggið fór og með hvaða kylfu.

Víti og Afturkalla

Víti bætir vítishöggi á holuna. **Afturkalla** tekur síðasta högg eða víti til baka.

> **„Síðasta högg var aðeins … m héðan“**
> Ef þú skráir högg mjög nálægt síðasta höggi (innan 12 m á kerru, 5 m í hendi) spyr síminn hvort þetta sé nýtt högg. **Í lagi** skráir nýtt högg, t.d. vipp eða vindhögg. **Hætta við** skráir ekkert nýtt. Ef þú valdir aðra kylfu verður hún kylfa síðasta höggs. Þannig er tvísmellur eða kylfuskipti lagað strax.




Annað högg: 177 m frá teighögginu.

Á flötinni: púttin

1. Þegar boltinn er kominn á flötina smellirðu á **Á flöt · pútt síðar**. Púttin eru ekki skráð sem högg.
2. Púttaðu eins og venjulega.
3. Þegar boltinn er ofan í opnast mynd af flötinni. Smelltu fyrst þar sem **holan** var, svo þar sem **hvert pútt byrjaði**, í réttri röð. Lengd hvers pútts birtist strax.
4. Manstu ekki staðina? Smelltu bara á fjöldann við **Man ekki staðina**: 0, 1, 2, 3 eða 4+.
5. **Vista holu · 2 pútt** vistar holuna og næsta hola opnast.

Ef flötin er ekki kortlögð er engin mynd, og þú velur bara fjölda pútta.




Holan og upphaf tveggja pútta merkt.

Taka upp

Í punktakeppni segir Kúlan þér þegar holan getur ekki lengur gefið punkt. Þá er óhætt að taka boltann upp með **Taka upp**: það hefur engin áhrif á punkta eða forgjöf og flýtir leiknum. Sjálfgefið er kveikt á þessu fyrir forgjöf yfir 18. Í höggleik kemur ábendingin ekki.

Valmyndin ···

Hnappur	Hvað gerir hann?
Holunúmerin	Farðu beint á aðra holu, t.d. ef þú byrjar á 10. teig eða vilt laga holu.
Ljúka hring og vista	Ef þú hættir fyrr, t.d. eftir 9 holur.
Sími á kerru / Sími í hendi	Ef síminn fer af kerrunni eða á hana í miðjum hring.
Skrá án GPS	Ef GPS virkar illa. Þá eru aðeins kylfur og skor skráð.
Sólarstilling	Sterkari litir sem sjást betur í sól.
Ábendingar um að taka upp	Kveikir eða slekkur á þeim í þessum hring.
Byrja nýjan hring	Hendir hringnum sem er í gangi.



Valmyndin opin.

Að ljúka hringnum

Eftir síðustu holuna sérðu yfirlit: högg, pútt, braut og víti á hverri holu, og hvaða kylfur voru notaðar. Smelltu á holu ef eitthvað þarf að laga, og svo á **Vista hring**. Kúlan segir þér hvað gekk vel og eitt til að laga, og **Skoða holu fyrir holu** opnar Hvernig gekk? (kafli 6). Holur án högga eru ekki vistaðar.

> **Skjárinn og netið**
> Síðan reynir að halda skjánum vakandi á meðan þú spilar. Ef hann læsist samt (oft í orkusparnaði) skaltu stilla sjálfvirka læsingu á „Aldrei“ í símanum á meðan þú spilar. Hringurinn er geymdur í símanum þar til hann er vistaður, svo ekki loka síðunni þótt netið detti út.

Aðeins skor

Í **Skrá aðeins skor, án GPS** skráir þú fjölda högga og pútta á hverri holu með + og −, og á par 4 og 5 holum hvar teighöggið endaði: **Vinstri**, **Á braut** eða **Hægri**. Svo **Næsta hola ›**.

Samanburður við Garmin

Ef þú ert líka með Garmin-úr getur vefurinn borið skráninguna saman við Garmin-hringinn frá sama degi. Þegar Garmin-hringurinn er kominn inn birtist **Bera saman við Garmin**. Þar sérðu höggin hlið við hlið og getur leiðrétt kylfur. Garmin-gögnunum sjálfum er aldrei breytt.


6 Hvernig gekk? og Laga holu NÝTT

Hringurinn holu fyrir holu, með höggunum á brautarmyndinni. Hér lagarðu líka högg sem voru skráð vitlaust.

Holu fyrir holu

Opnaðu **Hvernig gekk?** af forsíðunni í Einfalt golf, frá **Skoða holu fyrir holu** eftir vistun, eða úr Kúlunni. Síðasti hringurinn birtist fyrst.

- Brautarmynd holunnar með höggunum þínum, númeruðum í röð. Á velli án brautarmyndar sjást kylfurnar og púttin í staðinn.
- Fjórir reitir: **Par, Högg, Pútt** og **Punktar**. Punktarnir eru reiknaðir út frá forgjöfinni og teigunum.
- Ein setning frá Kúlunni: hvað gekk vel, eða eitt til að laga næst.
- Flettu á milli hola með örvunum, punktunum, örvatökkum eða með því að strjúka. **Fyrri hringir** sýnir eldri hringi.



Hola 1. Högg 3 liggur ofan á höggi 2.



Laga holu: högg 3 er valið.

Laga holu

Skráðirðu högg tvisvar, lenti punktur á vitlausum stað eða var kylfan röng? Smelltu á **Laga holu** undir myndinni. Hnappurinn birtist á holum sem eiga GPS-högg.

1. **Veldu högg:** smelltu á punktinn á myndinni, eða á hnappana fyrir neðan (*1 · Driver*, *2 · 5-tré* …). Valið högg verður gulgrænt og liggur efst.
2. **Færa:** dragðu punktinn á réttan stað, eða smelltu þangað sem hann á að vera.
3. **Eyða:** **Eyða höggi** fjarlægir höggið. Textinn sýnir hvernig skorið breytist, t.d. „6 í stað 7“.
4. **Kylfa:** veldu rétta kylfu í listanum.
5. **Vista holuna**. **Afturkalla** og **Hætta við** eru til ef þú skiptir um skoðun. Ekkert breytist fyrr en þú vistar.

Við vistun eru lengdir, skor og beinleiki holunnar reiknuð upp á nýtt.

> **Upprunalega skráningin glatast ekki**
> **Sækja upprunalegu skráninguna** setur holuna aftur eins og hún var skráð á vellinum. Þú vistar svo til að halda henni.

Laga holu virkar bæði í síma og tölvu, og bæði fyrir hringi úr símanum og úrinu. Ef völlurinn er ekki kortlagður er engin mynd, en þú getur samt eytt höggum og skipt um kylfu.

7 Úrið (í prófun) NÝTT

46golf á Garmin-úri: þú ýtir einu sinni á hnapp fyrir hvert högg og síminn má vera í vasanum.

Hvaða úr?

Appið virkar á **Garmin Approach S50**, **Venu Sq** og **Venu Sq 2**. Það er í prófun og er ekki í Connect IQ-versluninni.

> **Viltu prófa úrið?**
> Hafðu samband við umsjónarmann FortySix Golf. Hann hjálpar þér að setja 46golf á úrið. Svo tengirðu það við aðganginn þinn eins og lýst er hér fyrir neðan.

Tengja úrið

Opnaðu **Tengja úrið** í valmyndinni (undir Þú, eða Meira í síma), eða farðu á 46golf.com/tengja-ur. Þú þarft að vera innskráð(ur).

1. **Kylfurnar sem úrið má nota.** Kylfurnar í pokanum birtast með lengd. Lengdin er venjulegt gott högg úr hringjunum þínum: 7 af hverjum 10 höggum fara ekki lengra. Taktu hakið af kylfu sem þú vilt ekki fá ráð um, til dæmis driver. Þú getur líka breytt tölunum.
2. **Kóðinn á úrinu.** Opnaðu 46golf á úrinu. Það sýnir sex stafa kóða sem gildir í 10 mínútur. Úrið þarf að vera í sambandi við símann.
3. Sláðu kóðann inn og smelltu á **Tengja úrið**.

Þegar úrið er tengt birtist það undir **Tengd úr**. Ef þú breytir kylfunum smellirðu á **Senda kylfurnar á úrið**. Úrið sækir þær næst þegar þú opnar 46golf á því.

> **Engar kylfur?**
> Ef síðan segir að engar kylfur séu merktar „í poka“, skráðu þær fyrst á Pokinn minn (kafli 11).

Á vellinum

- Úrið sýnir fjarlægð í miðja flöt og mælir með kylfu, út frá sömu ráðum og Kúlan í símanum.
- Ýttu einu sinni á hnappinn fyrir hvert högg, þar sem þú slærð.
- Úrið skynjar þegar þú kemur inn á flötina og skiptir yfir í púttin.
- Hringurinn fer inn í 46golf. Þú sérð hann í Hvernig gekk? og getur lagað hann þar með Laga holu (kafli 6).


> **Þekkt villa**
> Á flötum þar sem næsti teigur er mjög nálægt getur úrið farið á næstu holu á meðan þú ert enn að pútta. Það verður lagað í næstu útgáfu af appinu. Láttu vita með Ábendingu ef þú sérð þetta eða annað skrýtið.

8 Vellirnir

Holu fyrir holu: kylfuval sem tekur mið af því hvað þú slærð stöðugt, ekki því hvað þú slærð lengst.


Völlur og teigar

Heimavöllurinn þinn opnast sjálfkrafa. Veldu annan völl í listanum ef þú vilt. Undir teigunum sérðu par, lengd, vallarmat, slope og þína leikforgjöf á þessum teigum.



Hola fyrir holu

Veldu holu. Þá sérðu lengd, erfiðleikaröð og hve mörg forgjafarhögg þú færð á holunni. Þitt par er par holunnar að viðbættum forgjafarhöggunum. Ef þú leikur holuna á þínu pari ertu að spila á forgjöfinni. Á kortlögðum völlum sérðu líka brautarmynd holunnar.






Ráðlögð spilun sýnir kylfu fyrir hvert högg, lengdina og dreifinguna, og Kúlan segir af hverju. Ef driverinn dreifir boltanum mikið er stundum mælt með öruggari kylfu af teig. Lengdirnar koma úr hringjunum þínum, bæði þeim sem þú skráir í 46golf og Garmin-hringjum.

Þínar niðurstöður og athugasemdir

Undir ráðunum sérðu hvernig þér hefur gengið á holunni: hve oft þú hefur leikið hana, meðalhögg, meðalpútt og hve oft þú hittir brautina. Þú getur líka skrifað þínar eigin athugasemdir, til dæmis um vind eða hvað virkaði.



Skorkort og kylfuval

Neðst á síðunni er allur völlurinn í einni töflu: par, lengd, erfiðleikaröð, forgjafarhögg, þitt par og fyrsta kylfa á hverri holu. Gott að skoða fyrir hring.

Skrá nýjan völl

Vantar völlinn, til dæmis á Spáni? Smelltu á **+ Skrá nýjan völl**. Fylltu inn nafn, land og fjölda hola, teiga með vallarmati og slope, og par og lengd hverrar holu. Þú getur notað völlinn strax. Hann birtist öðrum þegar umsjónarmaður hefur samþykkt hann. Þú getur líka byrjað á Skrá hring með **Völlurinn minn er ekki á listanum** (kafli 5).

Vellirnir í Einfalt golf NÝTT

Í Einfalt golf er einföld útgáfa undir Meira → Vellirnir: veldu völl og teiga og flettu á milli hola. Á hverri holu sérðu par, lengd og þitt par, brautarmynd með kylfuplani Kúlunnar á kortlögðum holum, og planið á mannamáli með hættunum sem þarf að varast. Merkið **✓ Kortlagður** eða „Kortlagður að hluta“ segir hve mikið af vellinum er komið inn. Á óskönnuðum holum miðast planið við lengd holunnar, og Kúlan segir að hún þekki ekki hætturnar þar.


Á velli sem er ekki fullkortlagður er hnappurinn **Já, kortleggið völlinn**. Beiðnin berst umsjónarmanni og ræður því hvaða vellir eru kortlagðir næst.

> **Óstaðfest vallargögn**
> Vallargögnin koma úr opinberum skrám og geta verið röng eða úrelt. Þau eru merkt *Óstaðfest*. Sjáirðu villu, sendu ábendingu.

9 Kúlan, kylfusveinninn þinn

Kúlan skoðar gögnin þín og segir hvað borgar sig mest að æfa, með æfingu, stuttri leiðsögn og fræðslu.

Kúlan er kylfusveinn FortySix Golf. Hún hjálpar þér að velja kylfu, leik og leið, með GPS, brautarmyndum og leikskipulagi. Hún les úr því sem Hermirinn segir, og þegar hún sér að kennari getur hjálpað þér meira vísar hún þér á PGA-kennara.



Fyrirvarinn efst á síðu Kúlunnar.

Ábending Kúlunnar


Þegar gögnin sýna mynstur birtir Kúlan eina ábendingu efst á síðunni, með tengli á réttan kafla í fræðslunni. Dæmi: teighögg sem fara oftast til sömu hliðar, misjafnar lengdir með sama járni, fyrstu holur sem kosta mest, eða verri seinni níu.



- Smelltu á **Ég hef skoðað þetta** þegar þú hefur lesið ábendinguna. Þá hvílir hún í 30 daga.
- Ef mynstrið helst eftir 30 daga og 5 hringi segir Kúlan að kennari gæti séð eitthvað sem gögnin sýna ekki.
- Kúlan dregur ekki ályktanir af of litlu. Ef hringirnir eru fáir birtist engin ábending.


Veldu áherslu

Þrír kassar: **Aðalráðlegging** (sparar flest högg), **Val 2** og **Val 3**. Undir þeim er **Líka hægt** fyrir önnur svæði. Smelltu á kassa til að velja áherslu. Stundum langar mann frekar að æfa chip eða driver en pútt, og það er í góðu lagi. Vefurinn man valið.




Ráðleggingin og æfingin

Fyrir valda áherslu sérðu af hverju hún skiptir máli (til dæmis hlutfall flata sem þú nærð í tilskildum höggum) og æfingu bæði í hermi og á æfingasvæði eða flöt, ásamt því hvernig þú sérð árangurinn.



Leiðsögn Kúlunnar

Stutt samantekt á ráðum sem bæta snertingu, stefnu og stutta spilið. Ráðin taka mið af skekkjunni sem þú valdir í Stillingum (slice eða hook). Undir hverju ráði er hlekkur á heimildina, Golf Distillery, þar sem þú getur lesið meira og séð myndbönd.




Fræðsla Kúlunnar

Undir Leiðsögn → Fræðsla eru fimm stuttir kaflar til að prófa sjálf(ur):

Kafli	Efni
Grip	Hlutlaust grip, hvernig hendurnar tengjast, gripþrýstingur og tenging við boltaflug.
Uppstilling	Líkamsstaða, breidd stöðu, staðsetning bolta eftir kylfum og miðun.
Sveifla	Taktur, jafnvægi, ein hugsun í einu og æfingasveifla með tilgangi.
Upphitun fyrir hring	Fimm mínútna hreyfing fyrir fyrsta teig.
Hreyfanleiki og teygjur	Sex æfingar fyrir mjaðmir, brjósthrygg og axlir, tíu mínútur þrisvar til fjórum sinnum í viku.

Ef þú hefur valið **Örvhentur** í Stillingum víxlast vinstri og hægri sjálfkrafa í textanum.



Fræðsla Kúlunnar.

> **Farðu rólega**
> Við upphitun og hreyfanleikaæfingar: vertu innan þægilegra marka. Ef æfing veldur verk, hættu og ráðfærðu þig við sjúkraþjálfara eða lækni.

Tímabil

Neðst á síðunni geturðu smellt á **Byrja nýtt tímabil í dag**. Þá miða ráðin aðeins við hringi frá þeim degi. Það er gott ef þú hefur breytt sveiflunni eða fengið nýjar kylfur og vilt ekki að gamlir hringir hafi áhrif.

10 Spara högg

Sjáðu hvar höggin tapast og hve mörg högg æfingarnar gætu sparað.


Hvar sparast höggin

Vefurinn skiptir tapinu í fjögur svæði: teighögg, brautarhögg, stutta spilið og pútt. Veldu efst hversu vel æfingarnar ganga (varfærið, miðlungs eða mikið) og sjáðu hve mörg högg á hring gætu sparast á hverju svæði. Smelltu á svæði til að sjá æfinguna.



Til gamans: forgjöfin eftir 20 hringi

Línuritið sýnir hvernig forgjöfin gæti lækkað eftir 20 hringi eftir því hve mikið þú æfir: **Bara spilað** (hæg framþróun), **Æfir og spilar** (góð framþróun) og **Æfir meira en þú spilar** (mikil framþróun). Þín lína er valin út frá æfingum og hringjum síðustu 30 daga. Þetta er til gamans og hvatningar, ekki opinber forgjöf.



Þín tölfræði

Neðst eru meðaltöl úr síðustu hringjum, reiknuð á 18 holur: skor, pútt, vítishögg, brautir hittar og flatir hittar. Þú getur breytt gildunum til að prófa „hvað ef“.

11 Kylfurnar og Pokinn

Hvaða kylfa er öruggust, hverja ættirðu að æfa og hvaða kylfur eru í pokanum.

Kylfurnar mínar

Efst er aðalráðlegging, til dæmis hvaða kylfa er öruggust af teig. Þar fyrir neðan eru kylfur sem eru lítið notaðar og skarast við aðrar, og yfirlit yfir settið (mest 14 kylfur).

Aðalráðlegging

Notaðu 6-járn á þröngum teigum

Af kylfunum sem þú getur slegið af teig er 6-járn sú sem dreifir boltanum minnst miðað við lengd. Hún slær 84 m að meðaltali. Driverinn slær 114 m en dreifir boltanum um 1,4 sinnum meira.

Æfing: Berðu 6-járn saman við driverinn á æfingasvæði: 10 högg með hvorri kylfu og skráðu hversu mörg enda í leik.

Í töflunni **Tölfræði** sérðu meðal carry, lengsta högg, dreifingu, fjölda högga og notkun fyrir hverja kylfu. **Dreifing** er hve mikið lengdin sveiflast, sem hlutfall af meðallengd. Lægri tala þýðir stöðugri kylfu. Tölurnar koma úr fullum höggum í hringjunum þínum, og kylfur með færri en 8 högg eru merktar óvissar. Þangað til notast Kúlan og Vellirnir við viðmiðunarlengdir fyrir nýliða.

Tölfræði


Kylfa	Meðal carry	Lengsta	Dreifing	Högg	Notkun	
Driver	114 m	159 m	27,7%	333	136	
3-tré	110 m	145 m	25,9%	41	19	
4-blendingur	96 m	131 m	28,7%	35	16	
6-járn	84 m	115 m	19,5%	11	3	Örugg Lítið notuð
8-járn	80 m	96 m	21,5%	15	9	
9-járn	70 m	88 m	18,5%	18	10	
7-járn	65 m	102 m	32,4%	9	6	
PW	59 m	78 m	23,2%	32	36	
SW	40 m	57 m	25,3%	43	45	

Tölurnar koma úr Garmin-hringjunum þínum: aðeins full högg (teighögg, innáhögg og leiðarhögg). Dreifing er dreifing í lengd sem hlutfall af meðallengd; lægri tala þýðir stöðugri högg. Kylfur með færri en 8 högg eru merktar sem óvissar. Notkun er fjöldi högga á síðustu 5 hringjum.

Pokinn minn BREYTT

Þú skráir kylfurnar sjálf(ur) í 46golf. Þær ráða því hvaða kylfur Kúlan mælir með, bæði í símanum og úrinu.

- **Venjulegur poki** setur inn Driver, 5-tré, 5–9 járn, PW, SW og pútter. Með **Velja tegund** bætirðu við einni kylfu í einu. Aðeins tegundin er skylda; allt annað má fylla inn síðar.
- Hver kylfa er í einum af listunum **Í poka** (mest 14), **Í geymslu** eða **Nostalgía** (gamlar kylfur sem þú vilt halda utan um). Áttu **annað sett**, t.d. í sumarhúsi eða á Spáni? Skrifaðu nafn og smelltu á **Bæta við setti**.
- Undir **Upplýsingar og minnispunktar** við hverja kylfu skráirðu framleiðanda, gerð, skaft, sveigju og athugasemdir.
- Kortið við hverja kylfu sýnir miðgildi lengdar á velli, lengsta högg og fjölda högga.



Pokinn minn: listarnir og kylfukort.

> **Garmin og TrackMan eru valkvæð**
> Ef þú átt Garmin-úr geturðu sótt My Bag með viðbótinni á síðunni Gögnin. Garmin fyllir þá aðeins í auða reiti og bætir við lengdum; það sem þú hefur skráð sjálf(ur) breytist ekki. Kylfur sem eru í Garmin en ekki í pokanum birtast í lista þar sem þú velur **Bæta við** eða **Hunsa**.

Kylfuráðgjöf er reiknuð fyrir eitt sett í einu (pokann). Hringir leiknir með öðru setti telja áfram með í ráðgjöf um pútt og skor. Taflan **Hringir og kylfusett** neðst sýnir hvaða sett var notað í hverjum hring.

Í Einfalt golf heitir síðan **Kylfurnar í pokanum**. Þar ýtirðu bara á kylfurnar sem þú átt.


12 Æfingar og Hermir

Æfingarnar (yfirlit), Skrá æfingu og GPS-æfingar (í símanum) og Hermir (TrackMan).

Skrá æfingu

Gerð fyrir símann á púttflötinni eða æfingasvæðinu.

1. Veldu tegund: **Pútt**, **Fjarlægð**, **Chip**, **Vipp** eða **Bunker**. Æfing dagsins útskýrir hvernig æfingin fer fram.
2. Veldu fjarlægð, til dæmis 3 m.
3. Eftir hvert högg ýtirðu á útkomuna, til dæmis **Ofan í**, **Of stutt** eða **Framhjá**. Teljarinn sýnir hve mörg högg eru komin af hverri fjarlægð.
4. Smelltu á **Vista æfingu** þegar þú ert búin(n).



Skrá æfingu í síma.


GPS-æfingar NÝTT

Tvær æfingar á æfingasvæði eða velli þar sem síminn mælir með GPS:

- **Lengdaræfing:** hve langt og hve beint slærðu með kylfunni? Þú slærð frá einum stað og merkir hvern bolta.
- **Nákvæmnisæfing:** brautarhögg og stutta spilið. Þú merkir mark, gengur frá því og slærð að því. Síminn mælir frávik frá marki: of langt, of stutt og til hliðar.

Æfingarnar

- **Æfingamarkmið mánaðarins** í fimm flokkum: pútt, chipp, range í hermi, golfleikir í hermi og GPS-æfingar.
- **Æfingastreak:** vikur í röð þar sem þú nærð vikumarkmiðinu (3 æfingar á viku).
- **Æfingadagbók** og framvinda í hverjum flokki. Undir **Skrá nýja æfingu** geturðu líka skráð æfingu handvirkt.
- **Kúlan – æfingaráð** bendir á flokkinn sem er lengst frá markmiðinu, og **Hreyfanleiki: 10 mínútur** vísar á hreyfanleikaæfingarnar í Fræðslu Kúlunnar.



Hermir

Hermir sýnir TrackMan-loturnar þínar og svarar spurningunni: hittirðu rétt á boltann? TrackMan-gögnin koma inn með viðbótinni (kafli 13) eða sem CSV-skrár.

- Efst velurðu hvort þú skoðar æfingahögg (motta og æfingasvæði), högg úr hringjum í hermi eða allt, og svo kylfu.
- Kúlan segir hvað veldur helst skekkjunni í síðustu lotu, til dæmis að kylfuhausinn snúi ekki beint, og gefur æfingu.
- **Niðurstaða lotunnar** ber síðustu lotu saman við lotuna á undan: lengd, smash factor, snertingu frá miðju og fleira.
- **Fyrir og eftir ráðið:** segðu eftir hvaða höggi þú prófaðir ráðið og sjáðu hvort það hjálpaði.



Hermir

Hittirðu rétt á boltann? Sjáðu af hverju höggið geigaði og hvað þú getur gert.

Flytja inn TrackMan

Einfaldast er að sækja allt með FortySix-viðbótinni á síðunni Gögnin. Þú getur líka valið CSV-skrár úr TrackMan. Lotur sem eru þegar inni eru ekki tvítaldar.

Velja skrár | Nota skrárnar mínar (dæmi)

Æfingahögg (motta og æfingasvæði) (3) | Högg úr hringjum í hermi (0) | Allt (3)

Driver (3) | 7Iron (3) | PitchingWedge (3)

Kúlan · Driver · 12. okt. 2026 (motta)

Kylfuhausinn snýr ekki beint miðað við sveiflustefnuna

Face To Path er að jafnaði 9,9° frá núlli (6 högg), og það skýrir sveigjuna.

Æfing: Sláðu 10 högg með áherslu á að kylfuhausinn sé beinn við skotstefnu í snertingu og berðu saman Face To Path eftir hvert högg.

Niðurstaða lotunnar miðað við 1. okt.

Mæling	12. okt.	1. okt.	Munur	Högg
Lengd (carry)	147,1 m	144,6	+2,5 m	6
Smash factor	1,4	1,4	0	6
Snerting frá miðju	5,5 mm	10,5	-5 mm	6
Hæð snertingar frá miðju	6 mm	3,5	+2,5 mm	6

13 Gögnin: Garmin og TrackMan


Á síðunni Gögnin koma Garmin-hringir og TrackMan-lotur inn í vefinn. Einfaldast er að nota FortySix-viðbótina í tölvunni. Hringir sem þú skráir í 46golf þurfa enga viðbót.

Setja upp viðbótina

Viðbótin virkar í Chrome eða Edge í tölvu (ekki í síma). Þú setur hana upp einu sinni og það tekur um 3 mínútur.

1. Sæktu og afþjappaðu


Á síðunni Leiðbeiningar á vefnum er hlekkur á viðbótina (zip-skrá). Opnaðu möppuna **Downloads**, hægrismelltu á `46golf_vidbot.zip` og veldu **Extract All…**, svo **Extract**. Þá verður til mappan `46golf_vidbot`.



Skýringarmynd af Windows. Á Mac nægir að tvísmella á zip-skrána.

2. Opnaðu viðbótasíðu vafrans

Skrifaðu `chrome://extensions` í veffangastikuna og ýttu á Enter. Í Edge: `edge://extensions`.




3. Kveiktu á Developer mode


Rofinn **Developer mode** er efst til hægri (í Edge vinstra megin).




4. Load unpacked

Smelltu á **Load unpacked**, veldu möppuna `46golf_vidbot` og smelltu á **Select Folder**. Viðbótin birtist þá í listanum.





Skýringarmynd af Windows-glugganum.




Viðbótin er komin inn.

> **Villa: „Manifest file is missing“?**
> Þá valdirðu möppu sem er utan um réttu möppuna. Veldu möppuna sem inniheldur skrána `manifest.json`.

5. Festu táknið


Smelltu á púslbitann efst til hægri í vafranum og svo á teiknibóluna við FortySix Golf. Þá situr 46-boltinn alltaf efst í vafranum.





6. Sendu gögnin

Skráðu þig inn á Garmin Connect og/eða portal.trackmangolf.com í sama vafra. Smelltu á 46-táknið og veldu **Senda Garmin-hringi** eða **Senda TrackMan-gögn**. Síðan Gögnin opnast og segir hvað kom inn.



Viðbótin sendir allt að 20 Garmin-hringi eða 40 TrackMan-atriði í einu. Smelltu aftur ef meira er eftir. Hakið **Aðeins það sem hefur ekki verið sent** kemur í veg fyrir tvísendingar.


Ekki eyða möppunni eftir uppsetningu, því vafrinn les viðbótina úr henni.

Hvað kemur inn?

Gögn	Hvert fara þau?
Hringir skráðir í 46golf	Fara beint inn úr símanum, án viðbótar. Birtast á Golfið mitt og í Hvernig gekk?
Garmin-hringir	Skorkort, högg með kylfum og lengdum, pútt og brautir. Bætast við hringina þína og ráðin.
Garmin My Bag	Fyllir í auða reiti og bætir lengdum við kylfurnar á Pokinn minn.
TrackMan: hringir í hermi	Birtast á skorkortinu, merktir *hermir*, en teljast ekki með í forgjafargreiningunni.
TrackMan: æfingalotur	Lotur á mottu og æfingasvæði fara á síðuna Hermir.


Hringirnir mínir

Á síðunni Gögnin er listi yfir alla hringi með uppruna (Garmin, Handskráð eða Hermir). Smelltu á × til að eyða hring. Þú getur líka hlaðið upp Garmin-skrám (.json) handvirkt ef þú átt þær.




Kortlagning valla

Á síðunni Gögnin er rofinn **Leyfa nafnlausa notkun högghnita til að kortleggja velli**. Hann er sjálfgefið af. Ef þú kveikir á honum eru hnit teiga, pinna og pútta úr Garmin-hringjunum þínum geymd læst, aðeins sýnileg þér, og notuð nafnlaust til að finna flatir og teiga. Enginn annar sér hringina þína eða hvar þú varst. Ef þú slekkur á rofanum er hnitunum þínum eytt.



14 Stillingar

Upplýsingar um þig sem Kúlan og vallaráðin taka mið af. Mundu að smella á **Vista stillingar**.



Efst í Stillingum: Útlit og Um mig.

Hluti	Hvað er það?
Útlit	Hakið **Einfalt golf**: ljóst útlit, stórir hnappar og ráð á mannamáli. Taktu hakið af til að fá nördagolfið. Gögnin þín eru þau sömu í báðum.
Um mig	Nafn (valfrjálst), forgjöf, markforgjöf og æfingatími á viku. Forgjöfina skráir þú sjálf(ur) í bili.
Leikurinn þinn	Hönd (rétthent(ur) eða örvhent(ur)), vallarmat karla eða kvenna og algengasta skekkjan: veit ekki, yfirleitt beint, slice, fade, draw eða hook. Höndin ræður líka hvernig vinstri og hægri birtast í Fræðslu Kúlunnar.
Í leik	**Ábendingar um að taka boltann upp** í punktakeppni og forgjafarhringjum. Sjálfgefið kveikt fyrir forgjöf yfir 18. **Prófa lítið notaðar kylfur**: Kúlan stingur stundum upp á kylfu sem þú notar sjaldan (kafli 5). Sjálfgefið kveikt.
Heimavöllur	Völlur og teigar. Heimavöllurinn opnast fyrst á Vellirnir og er valinn sjálfkrafa í Skrá hring.
Einingar	Lengdir eru í metrum og hraði í m/s. Gögn eru umreiknuð sjálfkrafa.
Lykilorð	Settu nýtt lykilorð, minnst 8 stafir.
Gögnin mín	**Sækja afrit (JSON)** sækir afrit af öllu sem þú hefur skráð. **Skrá út** skráir þig út og hreinsar gögnin úr vafranum.

> **Skekkjan skiptir máli**
> Algengasta skekkjan stýrir því frá hvaða hlið Kúlan og vallaráðin benda þér á að miða.

15 Ábendingar

Fannstu villu eða áttu hugmynd? Segðu frá. Það er stærsti hluti prófunarinnar.

1. Smelltu á **Ábending** neðst til hægri á síðunni, eða á **Senda ábendingu** í valmyndinni (undir Meira í síma).
2. Veldu tegund: Villa, Hugmynd eða Annað.
3. Lýstu því sem gerðist, til dæmis „Á símanum festist hnappurinn Næsta hola þegar…“.
4. Smelltu á **Senda**.

Síðan sem þú ert á og hvort þú ert í síma eða tölvu fylgir sjálfkrafa með, svo þú þarft ekki að lýsa því.

16 Persónuvernd og gögnin þín

Gögnin eru geymd í læstum gagnagrunni. Aðeins þú sérð hringina þína, æfingar og stillingar.

- **Hringir sem þú skráir með GPS í 46golf** geyma hnit hvers höggs og pútts. Þau eru læst og aðeins sýnileg þér, og eru notuð til að sýna höggin á brautarmyndinni, reikna lengdir og laga hringinn eftir á.
- **Garmin-hringir:** vefurinn geymir ekki nafnið þitt úr Garmin, Garmin-auðkenni eða GPS-hnit, heldur aðeins skor, pútt, brautir, kylfur og lengdir högga. Á kortlögðum völlum er líka geymt hve marga metra frá miðlínu brautarinnar hvert högg endaði (beinleiki), en ekki hnitin sjálf.
- **Kortlagning valla** er valfrjáls. Ef þú kveikir á henni eru hnit teiga, pinna og pútta úr Garmin-hringjum geymd sér, aðeins sýnileg þér, og notuð nafnlaust til að kortleggja velli. Ef þú slekkur á henni er hnitunum eytt.
- Staðsetning símans er aðeins notuð á meðan Skrá hring eða GPS-æfing er opin.
- Viðbótin sendir gögnin beint úr þínum vafra á 46golf.com og hvergi annað.
- Þú getur eytt hring hvenær sem er á síðunni Gögnin, og þá fara hnit hans líka. Afrit af öllu sækirðu í Stillingum.
- Þegar þú skráir þig út eru gögnin hreinsuð úr vafranum. Þau eru áfram í gagnagrunninum og koma aftur við næstu innskráningu.
- Umsjónarmaður getur séð netfang þitt, hvenær þú skráðir þig síðast inn og fjölda hringja, til að halda utan um prófunina.

17 Algengar spurningar

Ég gleymdi lykilorðinu

Hafðu samband við umsjónarmann FortySix Golf. Hann setur nýtt lykilorð fyrir þig og þú breytir því svo í Stillingum.

Síðan lítur gamaldags út eða breytingar sjást ekki

Endurhlaðaðu síðuna (í tölvu Ctrl+Shift+R, á Mac Cmd+Shift+R). Í síma: lokaðu síðunni alveg og opnaðu 46golf.com aftur.

Hvert fór GPS-síðan?

Hún er orðin hluti af Skrá hring. Þar sérðu fjarlægðir, brautarmynd og skráir höggin (kafli 5).

Skjárinn læsist á miðjum hring

Síðan biður símann um að halda skjánum vakandi, en í orkusparnaði getur hann læst samt. Stilltu sjálfvirka læsingu á „Aldrei“ á meðan þú spilar (iPhone: Stillingar → Skjár og birta → Sjálfvirk læsing). Hringurinn glatast ekki þótt skjárinn læsist.

Ég skráði högg óvart

Ef þú tekur eftir því strax: **Afturkalla**. Eftir á: Hvernig gekk? → **Laga holu** → veldu höggið → **Eyða höggi** (kafli 6).

Fjarlægðin stendur „GPS ónákvæmt“ eða „Leita að GPS…“

Leyfðu staðsetningu fyrir vafrann í stillingum símans og bíddu augnablik undir berum himni.

Er Kúlan golfkennari?

Nei. Kúlan er kylfusveinn sem vísar veginn út frá gögnunum þínum. Til að laga grip og sveiflu er tími hjá PGA-kennara alltaf besti kosturinn.

Garmin-hringurinn kemur ekki inn

Athugaðu að þú sért innskráð(ur) á connect.garmin.com í sama vafra og smelltu aftur á **Senda Garmin-hringi**. Viðbótin sendir 20 hringi í einu, svo smelltu aftur ef fleiri eru eftir.

Get ég sótt Garmin-gögn í símanum?

Nei, viðbótin virkar aðeins í Chrome eða Edge í tölvu. Í símanum skráirðu hringi á Skrá hring.

Hringur birtist tvisvar

Ef þú skráðir hring í símanum og sóttir hann líka úr Garmin, notaðu **Bera saman við Garmin**. Þá tengjast hringirnir og teljast einu sinni. Annars geturðu eytt öðrum þeirra á síðunni Gögnin.

Ráðin virðast almenn eða röng

Athugaðu Stillingar (forgjöf, hönd, skekkja), að kylfurnar séu skráðar í Pokann og að nokkrir hringir séu komnir inn. Ráðin batna eftir því sem gögnin aukast. Ef eitthvað er augljóslega rangt, sendu ábendingu.

Teljast hringir í golfhermi með í forgjöfinni?

Nei. Þeir birtast á skorkortinu, merktir *hermir*, en Kúlan og forgjafargreiningin nota aðeins hringi á velli.

Völlurinn minn er ekki á listanum

Í Skrá hring: **Völlurinn minn er ekki á listanum**. Á Vellirnir: **+ Skrá nýjan völl**. Þú getur notað hann strax.

18 Orðalisti

Kúlan
Kylfusveinn FortySix Golf. Vísar veginn út frá gögnunum þínum og vísar á PGA-kennara þegar það er best.

Einfalt golf / nördagolf
Tvö útlit vefsins með sömu gögnum. Einfalt golf er ljóst og einfalt, nördagolf sýnir allar tölurnar.

Par
Fjöldi högga sem góður kylfingur þarf á holu.

Fugl
Einu höggi undir pari. Örn er tveimur undir.

Skolli
Einu höggi yfir pari. Tvöfaldur skolli er tveimur yfir.

Þitt par
Par holunnar að viðbættum forgjafarhöggunum þínum á henni.

Punktar
Punktakeppni: 2 punktar fyrir þitt par, 1 fyrir einu höggi meira, 3 fyrir einu höggi minna og svo framvegis. Hola sem getur ekki gefið punkt má taka upp.

Leikforgjöf
Forgjöfin þín umreiknuð fyrir tiltekinn völl og teiga, út frá vallarmati og slope.

Vallarmat og slope
Mæla hve erfiður völlurinn er. Notað til að reikna leikforgjöf.

Erfiðleikaröð
Röð holunnar eftir erfiðleika (1 = erfiðust). Ræður hvar forgjafarhöggin falla.

GIR (flatir hittar)
Boltinn er á flöt í tilskildum höggafjölda: í 1 höggi á par 3, 2 á par 4 og 3 á par 5.

Brautir hittar
Hlutfall teighögga á par 4 og 5 holum sem enda á braut.

Brautarmynd
Mynd af holunni, teiknuð úr hnitum vallarins, með teiginn neðst og flötina efst. Í Skrá hring og Hvernig gekk?

Beinleiki
Hve marga metra frá miðlínu brautarinnar höggið endaði.

Carry
Hve langt boltinn flýgur áður en hann lendir.

Dreifing
Hve mikið lengdin sveiflast með kylfu, sem hlutfall af meðallengd. Lægri tala þýðir stöðugri kylfu.

Smash factor
Boltahraði deilt með kylfuhraða. Segir til um hve vel þú hittir boltann.

Face To Path
Hornið á milli kylfuhaussins og sveiflustefnunnar. Ræður mestu um hvort boltinn sveigir.

Slice / Hook
Mikil sveigja frá þér (slice) eða að þér (hook). Fade og draw eru vægari útgáfur.

Chip / Vipp
Stutt högg að flötinni. Chip rúllar mest, vipp fer hærra yfir hindrun.

My Bag
Kylfulistinn sem þú skráir í Garmin Connect. Valkvætt í 46golf.

Gangi þér vel á vellinum!

Spurningar og hugmyndir eru alltaf vel þegnar. Sendu ábendingu beint af vefnum eða hafðu samband við umsjónarmann FortySix Golf.